

Þriðjudaginn 3. mars 1987.

Nr. 255/1985. **Kristjana Guðmundsdóttir**

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

**Jóhönnu Heiðdal**

(Páll A. Pálsson hrl.)

Kaupsamningur. Riftun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn áfrýjaða dóm kváðu upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari og meðdómsmennirnir Guðmundur Árnason forstjóri og Þórarinn Klemensson framkvæmdastjóri.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. nóvember 1985. Í greinargerð sinni frá 29. apríl 1986 krafðist áfrýjandi þess, að kröfur hennar í héraði yrðu teknar til greina og stefnda dæmd til að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Við munnlegan flutning málsins gerði áfrýjandi hins vegar þá kröfu, að stefndu verði dæmt skylt að þola riftun á kaupsamningi hennar og áfrýjanda frá 29. júlí 1983 um heildverslun stefndu ásamt vörlager, tækjum og umboðum. Þá var krafist málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð 20 ný skjöl, lögregluskýrslur, innheimtubréf, þýðingar enskra bréfa o.fl.

Af gögnum málsins og málflutningi aðila má ráða, að áfrýjandi og félagar hennar seldu hluta af þeim vörum, sem stefnda afhenti. Mun áfrýjandi því ekki geta skilað öllum þeim vörum, sem hún fékk frá stefndu, en ekki er fram komið hve mikill hluti það er af hinu selda. Þá er fram komið, að stefnda hefur selt veðskuldabréfin, sem hún fékk frá áfrýjanda. Þessi atriði standa því ekki í vegi, að viðurkenningardómur gangi um heimild áfrýjanda til riftunar, ef skilyrði hennar verða talin vera til staðar að öðru leyti.

Með samningi þeim, sem aðilar gerðu 29. júlí 1983 og tekinn er upp í héraðsdóm, seldi stefnda heildverslun sína. Fram er komið í málinu, að hún skuldaði fé erlendis og hafði að mestu hætt verslunarrekstrinum vegna þess að vörur fengust ekki afgreiddar meðan skuldirnar voru ógreiddar. Þessu leyndi hún áfrýjanda. Þá segir í samningnum, að tiltekin umboð séu framseld til áfrýjanda. Fram er komið, að stefnda hafði ekki heimild til þessa og gaf hún þó í samningnum tryggingu fyrir því, að svo væri. Þá skuldbatt stefnda sig í samningnum til að afla skriflegs einkasöluleyfis frá Max Factor (Mary Quant) fyrir 1. desember 1983. Þetta umboð virðist hafa verið veigamesti þáttur verslunarrekstrarins, en ekki tókst stefndu að efna skuldbindinguna um framsal þess. Þessar vanefndir stefndu voru svo verulegar, að áfrýjanda var 29. júní 1984 heimilt að rifta kaupin eftir 42. gr. 1. mgr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Ekki stendur 52. gr. sömu laga þessu í vegi, þar sem 53. gr. þykir eiga við um skipti aðila.

Samkvæmt þessum málsúrslitum verður stefnda dæmd til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 150.000,00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Viðurkennt er að áfrýjanda, Kristjönu Guðmundsdóttur, hafi 29. júní 1984 verið heimilt að rifta kaup þau, sem hún gerði við stefndu, Jóhönnu Heiðdal, 29. júlí 1983.

Stefnda greiði áfrýjanda samtals 150.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Kópavogs 7. október 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi þann 17. september sl., er höfðað af Kristjönu Guðmundsdóttur, Ásbúð 52, Garðabæ, nnr. 5903-0582, með stefnu útgefinni 3. október 1984 á hendur Jóhönnu Heiðdal, Vogatungu 20, Kópavogi, nnr. 5026-5846, til riftunar á kaupsamningi milli aðila, dags. hinn 29. júlí 1983, um kaup stefnanda á heildverslun stefndu ásamt vörulager, tækjum og umboðum. Með riftunarkröfu sinni krefur stefnandi stefndu um afhendingu 70 skuldabréfa hvers

um sig að fjárhæð kr. 50.000,00, samtals að fjárhæð kr. 3,5 milljónir, útgefin hinn 4. ágúst 1983, sem er kaupverð alls hins selda, allt gegn afhendingu þeirra verðmæta, er stefnandi tók úr hendi stefndu vegna kaupanna. Sé stefndu hins vegar ómögulegt að afhenda umrædd skuldabréf, er gerð til þess varakrafa, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda sambærilega fjárhæð eða kr. 3,5 milljónir með sömu vaxta- og vísitölukjörum og skuldabréfin hafa að geyma. Hér er um að ræða kr. 1 milljón á 20% ársvöxtum frá 1. ágúst 1983 að telja, og kr. 2,5 milljónir með lánskjaravísitölu miðað við 4. ágúst 1983 (grunnvísitala 727) auk hæstu lögleyfðu vaxta af verðtryggðum lánnum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá 1. ágúst 1983, auk málskostnaðar að skaðlausu.

Í stefnu er auk þess krafist skaðabóta að fjárhæð kr. 300.000,00 en við munnlegan flutning málsins var fallið frá þeirri kröfu.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

*Málsástæður og lagarök.*

Samkvæmt því sem fram hefur komið í málinu kveða málsaðilar málavexti vera þá að stefnandi hafi keypt af stefndu heildverslun Jóhönnu Heiðdal ásamt vörulager, tækjum og umboðum með kaupsamningi dags. 29. júlí 1983 svohljóðandi:

„Mr. Reynir Sigurdsson  
 Umfang s.f.  
 Idnbud 4  
 Gardabae  
 Island

Dear Mr. Sigurdsson,

I have heard from Ms. Billy Morley and Mr. Peter Sharp about the distributorship for Iceland and Billy Morley told me that you had gone ahead and placed orders for different products. As per Billy Morley's discussion with me had asked you to contact me and give me a full updating of your plans for Mary Quant on Iceland. Billy Morley and I discussed this matter thoroughly when I was in London September 28-29.

I hope you are aware of our holding your orders until this information is submitted. I would also like to know if you will take care of Johanna Heiddal's unsettled and unpaid matters. She owes Max Factor 10.436,29 and obviously these invoices cover products which have taken over from her stock.

I hope you will come back to me in this matter by return and after that

we will have a change to approve you as our Mary Quant distributor on Iceland.

Yours sincerely,  
Max Factor AB

Ulf Ljunggren  
General Manager  
Sweden and Scandinavia

c.c. Billy Morley/MF Bournemouth“

Í máli þessu hefur komið fram að í nóvember hafi aðilar máls þessa haldið fund og þá verið farið fram á riftun af hálfu stefnanda við stefndu. Stefnandi heldur því fram að ekki hafi orðið af því þar sem stefnda hafi þá sérstaklega lofað því að umboð fyrir Mary Quant lægi fyrir þann 1. desember 1983 svo sem kaupsamningur kveður á um. Þá höfðu engar vörur fengist afgreiddar að utan og fyrirtækið orðið á þeim tíma „næstum óstarfhæft vegna vöruskorts“ eins og segir í greinargerð stefnanda.

Lögmaður stefnanda ritaði stefndu bréf dags. 21. desember 1983 og fer með því fram á að hún geri grein fyrir því innan viku frá dagsetningu bréfsins hvað liði þeirri skuldbindingu að hún afhenti skriflega yfirlýsingu um rétt hennar til að selja stefnanda þau umboð sem fylgdu með í kaupunum.

Með bréfi stefnanda dags. 9. janúar 1984 til Rannsóknarlögreglu ríkisins er stefnda kærð fyrir auðgunarbrot og er jafnframt óskað opinberrar rannsóknar á viðskiptum hennar við stefnanda. Eigi hefur þótt ástæða til að fresta úrlausn máls þessa þar til séð verður fyrir enda þeirrar rannsóknar.

Umfangi hf. barst í janúar 1984 bréf Scandinavian Cosmetics AB, sem er umboðsmaður fyrir Max Factor, Mary Quant o.fl. svohljóðandi:

„Mr. Reynir Sigurdsson  
Umfang SF.  
Idnbud 4  
Gardabae  
ISLAND

1984-01-13

Dear Mr. Sigurdsson,

I am referring to my telephonecall to you yesterday, where we now deeply discussed the distributorship of Mary Quant through your company (sic) on Iceland. Firstly I have to, once again in writing, apologize for the delay in this matter, but this is completely due the very sensible matter with the earlier Mary Quant distributor on Iceland, Johanna Heiddal. As you know

we are claiming that Johanna Heiddal still owes (sic) Max Factor 10.436,29, and this is the reason why we have been holding yours (sic) orders, in respect that you have taken over her company.

In this matter I am also referring to my letter to you from October 14 1983.

As you know Johanna Heiddal is claiming that she has no unsettled invoices (sic) with us and now she is claiming that this unsettled matter has been paid to Peter Sharp in London. We have asked Peter Sharp for clarification and also twice asked Johanna Heiddal for copies from her bank, showing that she really has payed (sic) the actual amount, directly to Peter Sharp.

As per our telephone conversation, I can also confirm to you in writing, that Johanna Heiddal has no authority from our side to automatically transfer the distributorship of Mary Quant to someone else, if and when she is selling her company.

We were in fact not even informed that she was going to sell her enterprise, until we asked for payment of invoices, which were overdue.

As per our discussion I am sending you our list prices, valid as of September 25 1983 and you know yourself how the calculation rate will be, as per the information you already have from the Johanna Heiddal company.

I would also like to clarify that the payment terms are with Letter of Credit, which has to be issued to may (sic) above company, not to Peter Sharp in London.

We are still having your order in Bournemouth in hold and you will, within two weeks, come back to me, with a plan, regarding number of stores where you will sell Mary Quant and also give me a tentative value of your purchases, during calender year 1984. We have talked about the minimum initial order should be in the range of 8.000,- and I can confirm that this can be arranged from our side.

I am also waiting for your reconfirmed order so that changes from the order on hold in Bournemouth can be done, as this order also continues Christmas items for 1983.

Separately I am also giving your (sic) information concerning the reconstruction of Max Factor in Sweden/Scandinavia.

Yours sincerely,  
SCANDINAVIAN COSMETICS AB  
Ulf Ljunggren

UL/GW 385 84“

Af hálfu stefnanda hefur komið fram að starfsemi Umfangs hf. hafi alveg lagst niður um mánaðamótin maí/júní 1984.

Með bréfi dags. 29. júní 1984 tilkynnti stefnandi stefndu að hann hefði

ákveðið að rifta kaupunum. Stefnandi væri tilbúinn að skila fyrirtækinu aftur og gerði þá kröfu að stefnda tæki aftur við því og endurgreiddi kaupverð þess með því að skila skuldabréfum þeim sem gefin voru út vegna kaupanna.

Með bréfi lögmanns stefndu til stefnanda dags. 20. september 1984 er riftun mótmælt þar sem skilyrði riftunar væru ekki fyrir hendi en riftunarkröfu stefnanda var síðan fylgt eftir með málsókn og var málið þingfest á bæjarþingi Kópavogs þann 11. október 1984.

Stefnandi telur að stefnda hafi vanefnt samning þennan að verulegu leyti. Hún hafi í samningnum skuldbundið sig til að afla skriflegs einkasölualeyfis frá Max Factor fyrir 1. desember 1983 en þetta hafi hún enn ekki staðið við með þeim afleiðingum að heildsalan væri nánast óstarfhæf. Mary Quant hafi verið þýðingarmesta atriðið í kaupunum og alger forsenda fyrir gerð kaupsamningsins. Stefnda hafi vitað eða mátt vita þegar kaupsamningur var gerður að hún skuldaði umboðsaðila Mary Quant, Max Factor, stóra fjárhæð og að henni hafi verið óheimilt að selja umboðið öðrum en ekki hafi hún skýrt stefnanda frá þessu þegar kaupin fóru fram. Stefnda hafi því beitt svikum við gerð kaupsamningsins.

Við kaupin hafi stefnda lýst vörulager en eins og fram hefur komið voru aðstæður til skoðunar erfiðar. Ennfremur hafi hún útskýrt hvernig nýta mætti lagerinn og hve mikið af honum væri unnt að koma strax í verð en það hafi ekki verið í samræmi við það sem síðar kom í ljós. Stefnandi byggir riftunarkröfu sína á 42. sbr. 43. gr. laga nr. 39/1922, sbr. 45. gr., 52. gr., 55., 56., 57. og 58. gr. sömu laga.

Af hálfu stefndu er því haldið fram að nokkru eftir að stefnandi hafi keypt umrætt heildsölu fyrirtæki hafi komið fram óánægja hennar og fjölskyldu hennar vegna kaupanna. Þeim hafi m.a. fundist kaupverðið of hátt. Stefnda hafi boðist til þess á þeim tíma að taka fyrirtækið aftur ef stefnandi gæti skilað því aftur í sama ástandi. Á sama tíma hefði stefnandi farið mjög óráðvandlega að í sambandi við sölu varnings m.a. með því að setja Mary Quant snyrtivörur á útsölu markað þar sem þær hafi verið seldar á hálfvirði. Slíkt nægi til þess að eyðileggja viðurkennt merki á viðkvæmum markaði. Þetta og ýmislegt annað, sem stefnandi og aðrir sem rekið hafa heildsölu fyrirtækið (nú Umfang hf.) hafi gert, hafi beinlínis leitt til þess að fyrirtækið hafi drabbast niður.

Riftunarkrafa stefnanda væri byggð á því að stefnda hafi ekki haft heimild til að selja Mary Quant umboðið. Inn í það fléttist deila um það hvort stefnda skuldi hinu erlenda fyrirtæki Max Factor, Mary Quant 10.436,29 eða ekki. Stefnda heldur því fram að hún hafi þegar greitt fyrir allar vörur sem hún hafi fengið frá nefndu fyrirtæki og hafi hún greitt beint til aðalumboðsmanns fyrirtækisins í London, Peter Sharp.

Í London hafi náðst samkomulag um það að stefnandi eða Umfang hf. hefði umboðið áfram og gæti selt Mary Quant snyrtivörur þrátt fyrir deilu um uppgjör við stefndu. Það að fyrirtækið Umfang hf. gat ekki flutt inn eða flutti ekki inn snyrtivörur frá Mary Quant væri allsendis óvíst að rekja mætti til skuldar stefndu. Eins megi vera að Umfang hf. hafi ekki getað uppfyllt ýms skilyrði sem hinn erlendi aðili óskaði eftir í sambandi við sölu vöru til landsins, svo sem um lágmarkspöntun.

Stefnda heldur því fram að skilyrði til riftunar væru ekki fyrir hendi, í fyrsta lagi vegna þess að stefnandi, eða sá aðili sem hann síðar framseldi umboðið til, fékk umboðið og væri því ekki um vanefnd að ræða. Breyti engu í þessu sambandi þótt svæðisumboðsmaður telji að stefnda hafi ekki mátt selja umboðið. Öllum fullyrðingum stefnanda um að vanefndir stefndu hafi leitt til þess að fyrirtækið Umfang hf. hafi veslast upp mótmælir stefnda sem órókstuddum og ósönnuðum.

Í öðru lagi væri riftun óframkvæmanleg vegna þess að ekki væri hægt að skila hinu selda aftur. Stefnandi hafi framselt heildsölufyrirtækið með umboðum til Umfangs hf. Þar að auki hafi stefnandi eða Umfang hf. selt frá sér ýmsar eignir heildsölnunnar svo sem Gilqrist & Soames umboðið til Verslunarfélagsins Festi hf. Allur Mary Quant lager hafi verið settur á útsölu eins og áður segir og vörumerkið nánast eyðilagt. Í því sambandi er vísað til 57. gr. laga nr. 39/1922.

Í þriðja lagi væri krafa um riftun alltof seint fram komin og er vísað m.a. til 2. mgr. 22. gr. laga nr. 39/1922 varðandi það.

#### *Niðurstöður.*

Stefnandi hefur falið Umfangi hf. rekstur heildverslunar þeirrar sem hún keypti af stefndu með kaupsamningi dags. 29. júlí 1983. Fyrirtækið Umfang hf. hóf rekstur samkvæmt þessu skömmu eftir að kaupsamningur þessi var gerður þar til reksturinn lagðist niður u.þ.b. ári síðar. Á þessu tímabili voru gerðar ýmsar ráðstafanir er tilheyra rekstri fyrirtækis svo sem sala á vörum o.þ.h. en aldrei á tímabilinu fengust vörur afgreiddar frá hinum erlenda umboðsaðila.

Í september og nóvember s.á. nefndi stefnandi við stefndu að hún vildi láta kaupin ganga til baka en því var ekki fylgt eftir. Stefnandi tilkynnti stefndu með bréfi dags. 29. júní 1984 að hún hygðist rifta kaupunum og var því fylgt eftir með málsókn en stefna var útgefin þann 3. október 1984 og málið þingfest þann 11. sama mánaðar.

Þegar þetta er allt virt verður að telja drátt þann, sem stefnandi lét verða á því að bera fyrir sig riftun, leiða til þess að stefnandi hefur misst rétt sinn til að rifta kaupunum sbr. 2. mgr. 52. gr. laga um lausafjárkaup nr.

39/1922, en eins og mál þetta liggur fyrir þykja ósannaðar þær fullyrðingar stefnanda að stefnda hafi beitt svikum er kaupin fóru fram.

Verður því að sýkna stefndu af riftunarkröfu þeirri sem höfð er uppi í málinu en rétt þykir með vísan til þess sem fram hefur komið að fella málskostnað niður.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Jóhanna Heiðdal, skal vera sýkn af kröfum stefnanda Kristjönu Guðmundsdóttur í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 4. mars 1987.

Nr. 77/1987. **Ákærvaldið**

gegn

**Magnúsi Sveinssyni**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 25. febrúar sl. er barst Hæstarétti næsta dag. Krefst hann þess að ákvæði úrskurðarins um gæsluvarðhald verði felld úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Jafnframt var úrskurðurinn kærður af hálfu ákærvalds með bréfi til Hæstaréttar 27. febrúar er barst réttinum sama dag, og er krafa gerð um að gæsluvarðhald verði ákveðið til 25. þ.m. en úrskurðurinn verði staðfestur að öðru leyti. Þar sem héraðsdómari sendi ríkissaksóknara málið með bréfi 26. febrúar er málið af hálfu ákærvalds kært innan frests samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.